

Fundur í Betadeild 22. september 2010

Fundarstaður: Möðruvellir í Hörgárdal.

Fundarkonur hittust á bílplani Gleráarkirkju og óku sem leið lá að Möðruvallakirkju þar sem séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir staðarprestur tók á móti okkur. Hún sagði frá sögu staðarins sem var afar fróðleg og skemmtileg. Síðan var farið í svokallað leikhús á staðnum sem gegndi því hlutverki áður fyrr að vera íþróttahús Möðruvallaskólans sem er forveri Menntaskólans á Akureyri en er nú samkomustaður. Síðan var okkur borin dýrindis fiskisúpa á neðri hæð hússins og síðan var fundur haldinn í Betadeildinni á efri hæðinni og fylgir hér eftirfarandi fundargerð.

1. Þorgerður formaður setti fund.
2. Hanna kveikti á kertum og fór með táknið hvers þeirra.
3. Þorgerður ræddi um fundartíma almennt og kynnti hvernig ný stjórn skipti með sér verkum.
4. Þ.e.s. Þorgerður Sigurðardóttir formaður, Jónína Hauksdóttir varaformaður, Eygló Björnsdóttir fyrrverandi formaður meðstjórnandi, Hanna Salómundsdóttir meðstjórnandi og Þórunn Bergsdóttir ritari.
5. Sigrún Aðalgeirsdóttir tekur við af Jóhönnu Þorsteinsdóttur sem gjaldkeri deildarinnar.
6. Fundargerð lesin og samþykkt.
7. Formaður ræddi kaffinefndir en þær fara á heimasíðuna á vefnum. Minnt var á laus pláss á leiðtoganámskeiðinu ef einhver vildi fara.
8. Árgjald þarf að greiðast fyrir lok október – sendur verður tölvupóstur til að minna okkur á. Kaffigjald áfram inni í árgjaldinu sem er kr. 10.000

Þorgerður las bréf frá “Skottunum” um verkefnið “Ofbeldi gegn konum”, ráðstefnu og kvennagönguna og að DKG taki þátt í verkefninu. Ætlunin er að allar konur taki sig saman um að ganga út úr vinnu 25. október næstkomandi eins og gert var kvennafrídagana 1975 og ’85. Á Akureyri ganga konur frá styttni af Þórunni Hyrnu og að Hofi, menningarhúsi Akureyringa en þar verður dagskrá í tilefni dagsins. Fundarkonur ræða vítt og breytt um kvennafrídagana hér áður fyrr og hvort við komum til með að eiga eina konu í undirbúningsnefndinni núna. Þorgerður athugar það mál.

Stjórnin hefur ákveðið að lesa markmiðin á fundum og las hún þau nú og viðrar síðan vetrardagskrána sem var samþykkt með fyrirvara um breytingar.

Rætt er um þema vetrarins...Að horfa inná við og efla félagsþroska.

Þá var komið að happdrættinu og hlaut Margrét Alberts vinninginn að þessu sinni.

Rætt var um nýliðun í klúbbinn, framkvæmdina, kosningu og fl.þar að lútandi. Allar sammála um að við félagskonur komum í heild úr sem flestum störfum úr fræðslugeiranum. Stjórn skoðar málin. Þyngjan góða látin ganga undir lok fundarins.

Fundi slitið.
Þórunn Bergsdóttir fundarritari.